



Skipverji slasast

Mál nr.: 2024-038-S-011 Tómas Þorvaldsson

Dagsetning: 8. maí 2024

Staðsetning: Út af Barða

Atvik: Maður slasaðist á hendi

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 8. maí 2024 var Tómas Þorvaldsson GK 10 við veiðar á svokallaðri Geirableyðu út af Barðanum. Hlerar höfðu farið saman og var verið lása í sundur þegar maður klemmdi vísifingur vinstri handar milli vírs og láss. Kallað var á Landhelgisgæsluna sem sendi þyrilu til að sækja hinn slasaða. Veður: Vestan 5 m/s.

1. Helstu staðreyndir

Tómas Þorvaldsson GK 10

Skipaskrár nr. 2173

Útgerð: Þorbjörn hf.

Smíðaður: Noregur 1992

Stærð: 2.287 BT.

Mesta lengd: 66,88 m

Breidd: 14 m

Vél: WARTSILA, 1992 3.000 kW

Fjöldi skipverja: 26



2. Atvikalýsing og greining.

Þann 8. maí 2024 var Tómas Þorvaldsson við veiðar á svokallaðri Geirableyðu út af Barðanum.

Klukkan 05:20 var skipverji við vinnu við bakborðs toghlera. Hlerar höfðu farið saman og þegar verið var að lása úr hleralásnum bakborðs megin hrökk togvírin til og klemmdi vísifingur hægri handar skipverjans undir dauðaleggnum og þurfti að skera dauðalegginn í sundur til að losa fingurinn.

Að sögn vakthafandi skipstjórnarmanns fór hann ekki sjálfur til að athuga aðstæður þegar hlerarnir lentu saman enda vanir menn á þilfari og samskonar aðstæður hefðu komið upp oft áður. Var hann í sambandi við skipverja á þilfari í gegnum talstöðvar og ítrekaði fyrir mönnum að gæta fyllstu varúðar, tryggja aðstæður og setja allt fast áður en unnið væri við veiðarfærið. Skipverjum yfirsást að dauðaleggurinn lá slakur þar til að hann hljóp til en þá strekktist á honum með fyrrgreindum afleiðingum.

Samband var haft við Landhelgisgæsluna og eftir samráð við lækni var ákveðið að sækja þyrfti hinn slasaða með þyrlu.

Siglt var til móts við þyrluna og þegar skipið var statt um það bil 20 sjómílur VNV af Barða, klukkan 09:40, var hinn slasaði hífður um borð í þyrluna og farið með hann á sjúkrahús í Reykjavík.

Um borð var öryggishandbók og haldnar reglulegar æfingar að sögn skipstjóra.

3. Niðurstöður

Mannleg mistök urðu þess valdandi að skipverji slasaðist á fingri.

Lokaskýrsla samþykkt 19. maí 2025 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmar Snorrason, Guðmundi Frey Úlfarssyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

